

Umbótaáætlun Brúarskóla 2025-2026 - ATH í VINNSLU

Umbótabáttur	Markmið	Aðgerðir til umbóta	Viðmið um árangur	Ábyrgðaraðili	Mat – hvenær og hvernig
Samstarf við heimaskóla nemenda	Að formgera samskipti umsjónarkennara við heimaskóla nemenda	Verkferlar skýrðir og leiðbeiningar gerðar um samskipti við heimaskóla	Að kennarar eigi reglulega fagleg samskipti við heimaskóla nemenda sem snúa að námi og framförum nemenda	Stjórnendur og kennarar	Verkferlar og leiðbeiningar tilbúnar í október 2023 – í vinnslu
Samskipti heimila og skóla	Að foreldrar/forsjáraðilar hafi jákvæða upplifun af samskiptum við skólann	Skýrt skipulag á því hvernig samskiptum kennara við foreldra/forsjáraðila skal vera háttað kynnt fyrir kennurum	Jákvæðar niðurstöður úr könnun meðal foreldra	Stjórnendur og verkefnastjóri faglegs starfs	Könnun send foreldrum í janúar 2024 Lokið
Vinnuáætlanir	Að vinnuáætlun haldi utan um nám nemenda, þau markmið sem unnið er að hverju sinni, hvaða leiðir eru farnar í náminu og mat á því hvernig til hefur tekist.	- Vinnuáætlun kynnt vel fyrir kennurum í upphafi skólaárs - Kennarar fái fræðslu og stuðning við markmiðsetningu - Eftirfylgd með að allar vinnuáætlanir séu metnar reglulega og markmið uppfærð	- Að vinnuáætlun sé gerð fyrir hvern nemanda, nemanda skiljanleg - Að markmið í vinnuáætlun séu skýr og vel mælanleg Að vinnuáætlun sé metin reglulega, á hverri önn	Skólastjórnendur, deildarstjórar þátttökubekkjar og verkefnastjóri faglegs starfs	Farið yfir stöðuna á vinnuáætlunum í október 2023 og í mars 2024 Lokið
Nemendur sem eru lengur en 14-16 mánuði í Brúarskóla	Að inntökureglur skólans geri ráð fyrir raunhæfri lengd á skólavist. Að formgera leiðir til þess að koma til móts við þarfir langtíma nemenda í Brúarskóla.	- Skoða nánar þróun samsetningu nemendahóps Brúarskóla - Taka upp samtal við SFS um hlutverk skólans - Endurskoða inntökureglur - Skoða möguleika á auknu atvinnutengdu námi og aðrar leiðir til þess að koma til móts við þarfir langtíma nemenda	- Að hlutverk og inntökureglur skólans hafi verið endurskoðaðar með tilliti til breytinga á nemendahóp Brúarskóla - Að langtíma nemendur séu sáttir í námsumhverfi sínu og líði vel í skólanum.	Stjórnendur, stoðþjónusta	Staðan á verkefnum metin janúar 2024 og aftur að vori 2024 Er enn í vinnslu í samstarfi við Skóla- og frístundasvið ljósi úttekta KPMG á starfsemi

					Brúarskólans sem gerð var vorið 2023
Hvatningakerfi	Hvatningakerfi sem eru notuð eru einföld í notkun og hvetjandi fyrir nemendur.	- Endurskoða „hvatningabókina“ með tilliti til notkunar og upplifun nemenda af henni - Huga að hvort skipta þurfi um kerfi eða breyta einhverju til þess að koma betur til móts við nemendur og þarfir þeirra	Hvatningakerfin þjóna tilgangi sínum, þ.e. að hvetja nemendur til bættrar hegðunar	Stjórnendur og stoðþjónusta	Könnun lögð fyrir nemendur og starfsfólk í maí 2024 Í vinnslu áfram
Ráðgjöf	Að bæta árangur af ráðgjöf	Ráðgjafar leita leiða til þess að aðlagja ráðgjöfina enn frekar að þörf ráðþega.	Að þeir skólar sem fá ráðgjöf meti að ráðgjöfin beri góðan árangur	Deildarstjóri ráðgjafar	Viðhorfsskönnun lögð fyrir almenna skóla í maí 2024 Lokið
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	Að nemendur séu virkir þátttakendur í ákvarðanatöku um nám sitt og séu meðvitaðir um markmið sín í skólanum	- Umfjöllun í kennarahópnum um þátttöku nemenda í ákvarðanatöku um nám sitt - Styðja við og leiðbeina kennurum varðandi samtöl við nemendur um nám og hegðun og notkun Brúarinnar í samtölunum - Setja samtöl umsjónarkennara við nemendur stundatöflu	- Að nemendur hafi virka aðkomu að ákvarðanatöku um nám sitt, eins og við á í hverju tilviki - Að umsjónarkennarar ræði reglulega við nemendur um áhuga þeirra, óskir og markmið og framvindu þeirra í námi og hegðun.	Stjórnendur, stoðþjónusta, umsjónarkennarar	Kennarar rýna í starf sitt í maí 2024 Lokið